



SSV  
Samtök sveitarfélaga  
á Vesturlandi

Alþingi

b.t. atvinnuveganefndar

Austurstræti 8 – 10

150 Reykjavík

Borgarnesi 16.03 2018

### **Efni: Umsögn um þingsályktunartillögu um uppbyggingu flutningskerfis raforku, 179 mál**

Vísað er til tölvupósts frá nefndasviði Alþingis, dags. 26. febrúar sl., þar sem óskað er eftir umsögn um tillögu um stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku, sem lögð er fram á Alþingi af ráðherra orkumála, með vísan til 39. gr. a. í raforkulögum nr. 65/2003. Er stefnunni ætlað að tryggja aðkomu löggjafans að mótun kerfisáætlunar Landsnets.

Erindið var tekið fyrir á fundi stjórnar SSV 7 mars s.l.

### **Almennt um tillöguna**

Stjórn SSV fagnar því að lögð er fram tillaga um uppbyggingu flutningskerfis raforku. Öflugt flutningskerfi er lykilatriði fyrir uppbyggingu atvinnulífs og byggðar um allt land. Stjórn SSV vill einnig benda á mikilvægi þess að um leið og hugað er að uppbyggingu flutningskerfis þarf hún að haldast í hendur við uppbyggingu í raforkumálum almennt. Í dag er víða pottur brotinn varðandi raforkumál og sem dæmi má nefna að skortur á þriggja fasa rafmangi hamlar víða á Vesturlandi uppbyggingu í landbúnaði og ferðaþjónustu.

Almennt tekur stjórn SSV undir þær áherslur sem koma fram í kafla A er varða uppbyggingu flutningskerfisins. Líkt og fleiri landshlutasamtök viljum við vara við orðlagi í 4 tölulið a liðar þar sem segir að ekki verði ráðist í línulagnir yfir hálendið. Stjórn SSV telur að ekki megi útiloka þann valkost að leggja línulagnir yfir hálendið að svo stöddu. Eins og bent er á í umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga þá hefur Landsnet fram til þessa talið hálendislínu vera nauðsynlegan þátt í framtíðaruppbyggingu flutningskerfisins. Gangi þau áform ekki eftir þarf að veita skýr svör um á hvern hátt verði frekar hægt að tryggja grundvöll flutningskerfisins þannig að það þjóni öllum landsmönnum.

Þá tekur stjórn SSV einnig undir sjónarmið sem koma fram í umsögn Eyþings um hvort 9 töluliður tillögunar feli í sér skerðingu á skipulagsvaldi sveitarfélaga. Því er nauðsynlegt að skýr svör liggi fyrir um hver meti á hvaða svæðum jarðstrengur hafi í för með sér ávinning umfram loflínu og hvernig verði skorið úr ágreiningi á milli sveitarfélaga um það.

Stjórn SSV væntir þess að gott samstarfi verið við sveitarfélögin í landinu um frekari framgang þessarar þingsályktunartillögu.

Virðingarfyllt

f.h. stjórnar SSV

Páll S. Brynjarsson

Framkvæmdastjóri SSV